



# Fjármálastjórn – FJÁ3A05

Námsáætlun, haustönn 2023

**Kennari/kennarar:**

Reynir Már Ásgeirsson

**Netfang/netföng:**

reynir.asgeirsson@borgo.is

**Lýsing:**

Fjallað er um helstu atriði fjármálastjórnunar. Verðbréfamarkaðir, fjármálastofnanir og hugtök á sviði fjármála eru í brennidepli. Áhersla lögð á þjálfun í að reikna vænta ávöxtun og áhættustýringu; sýndar verða aðferðir við að meta áhættu á verðbréfamörkuðum. Farið yfir aðferðir við mat á eignum, vaxtareikning, vísitölur, tímavirði peninga (núvirði og framtíðarvirði) og útreikninga varðandi endurgreiðslu ólíkra tegunda skuldabréfa. Stuðst er við töflureikni til að framkvæma útreikninga og teikna línurit af ýmsu tagi. Mikil áhersla er á að auka hæfni nemenda til að leysa dæmi tengd fjármálum.

**Þekking, leikni, hæfni:****Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- verðbréfamörkuðum.
- áhættureikningi.
- ávöxtunarreikningi.
- stjórnun fjármála hjá fyrirtækjum.
- kaupverði, gengi, afföllum og yfirverði skuldabréfa.
- vísitöluútreikningi.
- verðbótum og verðtryggingu.
- hlutabréfum.
- skuldabréfum.

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í:**

- að nota reiknivélar við að leysa dæmi úr daglega lífinu.
- að nota töflureikni eða annan hentugan hugbúnað við lausn verkefna.
- útreikningum sem hafa almennt hagnýtt gildi í stjórnun fjármála.

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- fjalla um markaði fyrir helstu tegundir verðbréfa sem er metið með hóp- og einstaklingsverkefnum.
- reikna ávöxtun verðbréfa sem er metið með verkefnum og skriflegu prófi.
- fjalla um áhættu og gera áætlanir í fjármálum til skamms og langs tíma sem metið er með einstaklings- og hópverkefnum og skriflegu prófi.
- nota töflureikni eða annan hentugan hugbúnað við lausn verkefna í tölvum sem er metið með skriflegum verkefnum og prófum.

**Námsmat:**

❖ Tvö hlutapróf.....	45%
❖ Hópverkefni (ritsmíð).....	25%
❖ Kynning.....	15%
❖ Kennaraeinkunn (vinnubók).....	15%

Nemendur þreyta tvö hlutapróf í áfanganum og telur hvert hlutapróf 22,5% af lokaeinkunn. Nemendur vinna saman í hópum að gerð ritsmíðar er varðar eitt hvert meginviðfangsefni áfangans. Í lok annar kynna nemendur hópverkefni sín fyrir bæði kennara og samnemendum. Nemendur skulu einnig halda til haga vinnubók; þar sem lausnir við smærri verkefnum og ígrundanir, er snerta lyklatríði kennslunnar, eru geymdar. Vinnubókin er mikilvægur hluti af virkni og ástundun nemandans á önninni og telst til kennaraeinkunnar.

**Námsgögn:**

- *Fundamentals of financial management* eftir Brigham E.F. og Houston J.F. (12. útgáfa eða nýrri). Útgefandi Cengage Learning.
- Ítarefni frá kennara.

**Aðrar mikilvægar upplýsingar:**

Nemendum ber að skila öllum verkefnum og taka þátt í hlutaprófum.

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats-þættir
33	18. ágúst		<i>Nýnemadagur</i>
34	21.-25. ágúst	Fjármálastjórnun. ( <u>Kynning á áfanga</u> )	
35	28.ágúst -1. sept.	Fjármálastjórnun.	
36	4.-8. sept.	Fjármálamarkaðir og stofnanir.	
37	11.-15. sept.	Fjármálamarkaðir og stofnanir.	
38	18.-22. sept.	Fjármálamarkaðir og stofnanir.	<b>Hlutapróf 1 (22,5%)</b>
39	25.-29. sept.	Tímavirði peninga.	
40	2.-6. okt.	Tímavirði peninga.	<i>Heilsudagur Undirb./úrv. Vörðuvika I</i>
41	9.-13. okt.	Tímavirði peninga.	
42	16.-20. okt	Áhætta og ávöxtun.	
43	23.-25. okt.	Áhætta og ávöxtun.	<i>Hausthlé fimmtud. og föstud.</i>
44	30. okt. - 3. nóv.	Áhætta og ávöxtun.	
45	6.-10. nóv.	Skuldabréf og verðmat á þeim.	<i>Undirb./úrv. Vörðuvika II.</i>
46	13.-17. nóv.	Skuldabréf og verðmat á þeim.	<b>Hlutapróf 2 (22,5%)</b>
47	20.-24. nóv.	Hlutabréf og verðmat á þeim.	<b>Hópverkefni (25%)</b>
48	27. nóv. - 1. des.	Hlutabréf og verðmat á þeim.	<b>Vinnubók (15%)</b>
49	4.-8. des	<b>Verkefnavinna</b>	<b>Kynning (15%)</b>
50	11.-13. des	<b>Yfirlit og upprifjun</b>	<i>Síðasti kennsludagur</i>

*Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.*